

EIRÍKUR ÖRN NORÐDAHL Þriðja skáldsaga Eiríks Arnar Norðdahl fjallar um stjórnmálafólk í íslenskum samtíma.

Gífuryrt skáldsaga

„Þessi bók er mín gífuryrtasta. Hún er alla vega miklu orðljótari en síðasta skáldsaga," segir Eiríkur Örn Norðdahl, sem hefur sent frá sér sína þriðju skáldsögu, Gæska - told you he was softer. Bókin fjallar um stjórnmálafólk í íslenskum samtíma þar sem krónan er orðin verðlaus og allt er í lamasessi. „Ég var búinn að skrifa stærstan hluta af bókinni vorið 2008 en sá ekki fram á að klára hana fyrir haustið," segir Eiríkur Örn, sem þurfti að skrifa megnið af bókinni upp á nýtt eftir að kreppan skall á. „Bókin gerist í hálfgerðum ótíma og í hálfgerðum hysterískum heimi. Kreppan kemur ekki svo mikið við sögu en ég þurfti að gera ráð fyrir henni. Sagan gerist öll á einu eilífu sumri, á nokkrum dögum fyrir hina fallegu byltingu og nokkrum dögum eftir hana."

Þrátt fyrir að hafa byrjað á bókinni áður en kreppan skall á segist hann ekki hafa séð vandræðin fyrir frekar en hver annar. „Ég hef reyndar ágæta skoðun um að það sé vanmetið hve mikið fólk var búið að sjá þessi ósköp fyrir. Kreppur koma og kreppur fara, það hefur gerst þúsund sinnum á síðustu tveimur öldum. Ég geri ráð fyrir því að það verði komin önnur eftir fimmtán ár."

Þrjú ár eru liðin síðan síðasta skáldsaga Eiríks kom út, Eitur fyrir byrjendur. Kemur hún einmitt út í Þýskalandi á næsta ári.

Eiríkur flutti nýlega til Svíþjóðar eftir að hafa búið í Finnlandi í tvö ár. Hann á sænska kærustu og þau eiga saman þriggja mánaða son. Eiríki líður vel í Svíþjóð og finnst ágætt að vera ekki á Íslandi að kynna nýju bókina. „Á meðan maður er ekki í jólabókaflóðinu með áhyggjur af því að það sé ekki fjallað nógu vel um mann og það komi ekki nóg af dómum, þá er lífið ekkert nema tóm hamingja," segir hann.

- fb